

Fréttatilkynning frá skilanefnd Kaupþings

20. júlí 2009

Samkomulag um fjármögnun Nýja Kaupþings

Skilanefnd Kaupþings hefur komist að samkomulagi við íslenska ríkið um fjármögnun á Nýja Kaupþingi. Samkomulagið felur í sér sameiginlegt eignarhald á Nýja Kaupþingi þar sem Kaupþing gefst kostur á að eignast 87% hlutafjár í Nýja Kaupþingi á móti ríkissjóði. Kaupþing leggur fram 65% af heildar eiginfjárframlagi í formi almenns hlutafjár og íslenska ríkið 35% í formi vijkjandi láns og almenns hlutafjár. Með þessu eignast Kaupþing aftur þær eignir og skuldir sem færðar voru yfir til Nýja Kaupþings í samræmi við ákvörðun FME frá 21. október 2008.

Skilanefnd Kaupþings hefur ásamt fjármálaráðgjafa sínum Morgan Stanley og fulltrúum kröfuhafa átt í viðræðum við íslenska ríkið síðastliðnar vikur um uppgjör á þeim eignum og skuldum sem færðar voru yfir til Nýja Kaupþings síðastliðið haust. Sökum mikillar óvissu um verðmat á eignum sem fluttar voru til nýja bankans telur skilanefnd hagsmunum kröfuhafa best borgið með eignarhaldi á Nýja Kaupþingi með það að markmiði að byggja upp öflugan viðskiptabanka sem er í fararbroddi í þjónustu við íslensk fyrirtæki og heimili.

Samkvæmt samkomulagi ríkisins og skilanefndar mun ríkið sjá um endurfjármögnun Nýja Kaupþings í upphafi en skilanefnd fyrir hönd Kaupþings mun gefast kostur á að eignast 87% hlutafjár fyrir 31. október nk. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Stefnt er að undirritun formlegs samnings 14. ágúst næstkomandi. Skilanefnd Kaupþings og Nýja Kaupþing munu á næstunni taka saman upplýsingar fyrir kröfuhafa bankans. Stefnt er að því að halda kröfuhafafund í september þar sem samningurinn verður kynntur og kröfuhöfum gefið tækifæri til að láta skoðun sína í ljós. Jafnframt er samkomulagið háð fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Nýja Kaupþingi og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings: „Meginhlutverk skilanefndar Kaupþings er að vinna að hag kröfuhafa með því að hámarka verðmæti eigna bankans. Þessi samningur við íslenska ríkið er í samræmi við aðgerðir skilanefndarinnar á Norðurlöndunum þar sem samningar hafa náðst við þarlend stjórnvöld sem hafa aukið virði eigna bankans. Við teljum mikil verðmæti fólgin í starfsemi Nýja Kaupþings á Íslandi og viljum efla starfsemina enn frekar.“

Nýja Kaupþing mun hér eftir sem hingað til heyra að öllu leyti undir íslensk lög og íslenskar eftirlitsstofnanir. Það felur meðal annars í sér að innstæður í bankanum eru jafn tryggar og áður. Með þessum samningi er traustum stöðum skotið undir starfsemi og þjónustu bankans. Bankinn er þannig vel í stakk búinn til að eiga sinn þátt í að flyta endurreisn íslensks efnahagslífs með sterkari tengslum við útlönd.

„Þessi samningur eyðir þeirri óvissu sem hefur verið um fjármögnun bankans og tryggir honum sterkt eiginfjárlutfall og góða lausafjárstöðu. Nýja Kaupþing hefur sett sér það markmið að verða leiðandi í fjármálaþjónustu við íslensk heimili og fyrirtæki. Með traustu baklandi og fullfjármögnuðum banka getur Nýja Kaupþing einbeitt sér enn frekar en áður að því að leysa úr brýnum vanda viðskiptavina bankans“. segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings.

Nánari upplýsingar veitir:

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri kröfuhafasviðs í s. 444 6134 eða 856 6134